



Landssamband æskulýðsfélaga

2. fundur framkvæmdastjórnar 2009 – 2010

Haldin á skrifstofu LÆF, Hinu Húsinu

22. júní 2009

Mættir: Unnur Hjálmsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE), Auður Geirsdóttir (AuG) og Arnþór Gíslason (AG). Auk þess sat fundinn Hildur Tryggvadóttir Flóvenz framkvæmdastjóri. Forföll boðaði Rakel Brynjólfsdóttir.

Fundur settur: 17:06

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Stjórnarmenn kynntir

Þar sem þetta var fyrsti fundur AuG kynntu stjórnarmenn sig.

2. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt án athugasemda

3. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að Croatian Youth Network (landssamband æskulýðsfélaga í Króatíu) hafi sent okkur könnun með nokkrum spurningum um starf okkar og uppbyggingu. Þau eru að koma sínu starfi á fót og eru með könnuninni að safna upplýsingum um störf og uppbyggingu landssambanda æskulýðsfélaga víða í Evrópu. Ákveðið að HTF myndi svara könnuninni og senda afrit á stjórn þegar hún sendir svörin.

HTF minnti á að hún væri á leið í sumarfrí frá og með 24. júní til 4. ágúst.

HTF sagði frá því að hún hefði undanfarna daga verið að lista upp hugsanlega aðildarfélög og reyna að kortleggja hvaða félög eru með æskulýðs- eða ungmennastarf. Er þetta gert með tvennt í huga, annars vegar að fjölga aðildarfélögum og hins vegar að hafa góða yfirsýn yfir æskulýðs-ungmennastarf hér á landi. Þegar þessari vinnu er lokið mun stjórn taka afstöðu til þess hvort á að fara í herferð og bjóða félögum inngöngu í LÆF.

HTF sagði frá því að loksins væri búið að segja LÆF formlega úr WAY eins og ákveðið var að gera á stjórnarfundum fyrr í vetur.

HTF bað stjórnarmenn að vera vakandi fyrir fréttum sem hægt væri að setja á heimasíðu félagsins.

4. Menningarnótt

HTF sagði frá því að borist hefðu jákvæð svör við því að vera með viðburð á menningarnótt og við þyrftum að skila inn umsókn fyrir 29. júní n.k. til Höfuðborgarstofu. Þema dagsins verður Húsin í bænum og mun Menningarnæturpotturinn eingöngu styrkja verkefni sem tengjast þessu málefni. Mikil umræða skapaðist um hvað ætti að gera. Ákveðið að vera með kynngartjald fyrir

aðildarfélög okkar sem mun standa yfir í 2-3 klukkutíma. Þegar fólk heimsækir tjaldið mun það geta tekið þátt í einföldum spurningaleik um æskulýðsstarf og félög á Íslandi. Dregið verður úr réttum svörum. Ákveðið að HTF sendi umsókn til Höfuðborgarstofu.

5. Vinnudagur stjórnar

UH fór aftur yfir hugmynd um vinnudag stjórnar. Rætt um að hafa fulltrúaráðsfund mjög fljótlega í kjölfar vinnudagsins. Rætt um að byrja að ræða hugmyndir á google.docs. AuG og AG fá sér gmail til að geta tekið þátt í þessu.

6. Alþjóðamál

AG sagði frá því að hann og AuG hefðu sótt um að sækja High level conference on Health and young people sem haldin verður í Brussel dagana 8-10.júlí n.k.

HTF sagði frá því að skýrsla væri á leiðinni frá Margréti Ingu Guðmundsdóttur (MIG) sem sótti námskeið í fjölmiðlun hjá European Youth Forum dagana 18.-19. júní s.l. MIG sagði námskeiðið hafa verið gott og allt gengið vel.

HTF sagði frá því að verið sé að vinna í lagabreytingum hjá YFJ. Borist hefur erindi þess efni og á nú að taka fyrir breytingar er snúa að uppbyggingu félagsins, aðalfundi, COMEM fundum, nefndum, stjórn, kosningum og þess háttar en áður hefur verið fjallað um vision og mission félagsins. Ákveðið að AG, UH og HTF fari yfir þessi mál og móti sér hugmyndir sem lagað verða fyrir stjórn. Einnig verður unnið að þessu í samráði við NB hópinn.

HTF sagði frá því að YFJ ætlaði mynda contact hóp til að fjalla um ár sjálfbodaliðans sem verður 2011. Ákveðið að setja HTF/framkvæmdstjóra félagsins í contact hópinn og nota netfangið youth@youth.is.

HTF sagði frá því að okkur hefði borist boð á ungmennaráðstefnu vegna 60 ára afmælis Evrópuráðsins. Hins vegar vantaði allar upplýsingar um það. HTF mun senda stjórn upplýsingar um leið og þær berast.

7. Bréf sem hafa borist og þarfnast afgreiðslu

Enginn

8. Fundartími stjórnar

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði haldin mánudaginn 20. júlí n.k. kl. 17:00.

9. Önnur mál

- a) AG fjallaði um kynningarefni fyrir félagið og sagði að hann þekkti fólk sem væri til í að setja upp fyrir kynningarbækling og annað efni. Umræða skapaðist um merki félagsins. Ákveðið að AG og SSE bæðu þá sem þeir þekkja að gera nokkrar hugmyndir að nýjum lógóum og í framhaldi af því myndi stjórnin ræða hugmyndir um nýtt merki.
- b) HTF sagði frá því að hún hefði látið gera tölvupóstföng fyrir stjórnarmenn. Póstföngin eru formadur@youth.is, varaformadur@youth.is, ritari@youth.is, gjaldkeri@youth.is og international@youth.is. HTF mun senda stjórn upplýsingar um aðgang.
- c) UH spurði hvort eitthvað hefði gerst í varamanna málum. AG er með einn í huga en ekki búin að tala við hann. HTF hafði ekki haft samband við þann sem rætt var um á síðasta fundi.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 18:19.

Fundargerð ritaði:
Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri.